

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

26. - 27. apríl 2018

FUNDARSKÖP FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA VEGNA AÐALFUNDAR 2018

SETNING AÐALFUNDAR

1. gr.

- 1.1. Formaður setur aðalfund og stjórnar honum þar til kjör tveggja forseta hefur farið fram.
- 1.2. Forsetar taka þegar við störfum og stjórna kosningu tveggja varaforseta, tveggja ritara og tveggja vararitara.

VERKSVIÐ FORSETA OG UMRÆÐUR

2. gr.

- 2.1. Forsetar stjórna fundum. Vilji þeir taka þátt í umræðum skulu þeir láta varaforseta taka við fundarstjórn á meðan. Rísi ágreiningur um fundarsköp þá úrskurða forsetar.
- 2.2. Forseti skal gefa mönnum orðið í sömu röð og þeir hafa kvatt sér hljóðs. Ef fleiri en einn kveða sér hljóðs samtímis úrskurðar forseti í hvaða röð þeir skulu taka til máls. Ræður skal flytja úr ræðustóli. Forseta er leyfilegt að takmarka tíma ræðumanna.
- 2.3. Forseti gætir góðrar reglu á fundum. Ef ræðumaður heldur sig ekki við umræðuefnið eða viðhefur ótilhlýðileg orð varðar það áminningu frá forseta sem þá hefur vald til að taka orðið af ræðumanninum.
- 2.4. Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað eða skrifað mál annað en nefndarálit og tillögur.

TILLÖGUR OG AFGREIÐSLA ÞEIRRA

3. gr.

- 3.1. Tillögur skal leggja fram skriflegar og undirritaðar af flutningsmanni/flutningsmönnum og afhenda forseta. Bera skal þær undir atkvæði í sömu röð og þær hafa verið lagðar fram (sbr. þó gr. 3.5.). Séu fleiri en ein tillaga í sama máli skal þó fyrst bera upp þá tillöguna sem lengst gengur.
- 3.2. Breytingartillögu skal bera upp á undan aðaltillögu. Breytingartillögu sem kollvarpar eða breytir aðaltilgangi annarrar tillögu má ekki taka til greina.
- 3.3. Breytingartillögur um að fella úr, bæta í eða auka við tillögu skal bera upp þannig að lesa fyrst upp aðaltillöguna óbreytta, því næst breytingarnar og loks aðaltillöguna eins og hún yrði með breytingunum.
- 3.4. Forseti hefur heimild til að bera tillögu upp í tveimur eða fleiri liðum en þó því aðeins að hver liður sé sjálfstæður og að skiptingin geri tillöguna ekki óljósa.
- 3.5. Forgangstillögur skal bera undir atkvæði um leið og þær berast fundarstjóra án umræðu:

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

26. - 27. apríl 2018

- 3.5.1. Tillaga um að ganga þegar til atkvæða.
 - 3.5.2. Tillaga um að vísa máli frá.
 - 3.5.3. Tillaga um að taka fyrir næsta mál á dagskrá.
 - 3.5.4. Tillaga um að fresta máli.
 - 3.5.5. Tillaga um að vísa máli til annars valds.
- 3.6. Tillögu, sem hefur verið felld, má ekki bera upp aftur á sama þingfundi. Þó má taka málið upp á ný síðar á þinginu með samþykki 2/3 greiddra atkvæða, enda sitji fundinn a.m.k. 2/3 kjörinna fulltrúa.
- 3.7. Heimilt er tillögumanni að taka aftur tillögu á hvaða stigi máls sem er en öðrum fulltrúum er heimilt að taka hana upp á ný.
- 3.8. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu. Leynileg atkvæðagreiðsla fer fram ef þess er óskað. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum KÍ eða þingskópum.

NEFNDIR

4. gr.

4.1. Aðalfundarfulltrúar velja sér nefndir. Stjórn FF tilnefndir formann nefndar.

Eftirfarandi nefndir starfa á aðalfundi:

- 4.1.1. Allsherjarnefnd/fjármál.
 - 4.1.2. Lagabreytinganefnd.
 - 4.1.3. Nefnd um innra starf og félagsmál.
 - 4.1.4. Nefnd um skólamálastefnu og skólamál.
 - 4.1.5. Nefnd um stefnu í kjaramálum og kjarasamningum.
- 4.2. Nefndafundir, skulu opnir öllum þingfulltrúum sem hafa þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.
- 4.3. Formaður nefndar kveður nefndina saman og stjórnar þar kosningu ritara og framsögumanns.

LÖGMÆTI ÞINGSKAPA

5. gr.

Fundarsköp þessi byggja á þingskópum Kennarasambands Íslands og skulu athugasemdir ef einhverjar eru bornar upp við upphaf aðalfundar FF.